

Föstudaginn 11. apríl 1986.

Nr. 126/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Péttri Ingólfssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 5. þ.m. er barst Hæstarétti 8. þ.m. og gert þær kröfur að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Varnaraðili er sakaður um brot gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en við brotum gegn þeirri grein liggur fangelsi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### **Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1986.**

Ár 1986, laugardaginn 5. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Péttri Ingólfssyni, áður til heimilis að Birkimel 10 hér í borg, nú búsettur að Tinggården 45, Holsterbro, Danmörk, fæddum 06.10. 1936 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þann 4. febrúar sl. óskaði ríkissaksóknari eftir því að RLR rannsakaði ætluð skilaskil kærða Péturs Ingólfssonar. Meðfylgjandi var bréf Ragnars H. Hall borgarfégeta dags. 16. janúar sl., ásamt fylgigögnum. Þar er gerð grein fyrir stöðu og meðferð þrotabús kærða Péturs þar sem fram kemur að þrotamaður hafi farið af landinu skömmu áður en hann varð gjaldþrota,

og er nú búsettur í Danmörku, en áður selt nánast allar eigur sínar og fengið í sínar hendur í peningum og verðbréfum samtals kr. 9.307.818,00. Kærði lýsti því síðan yfir fyrir skiptarétti að hann væri með öllu eignalaus, enda notað fyrrgreinda fjármuni til greiðslu skulda áður en hann fór af landinu. Framkomnar kröfur í þrotabú kærða voru að fjárhæð 5.067.074,75.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá skiptarétti, RLR og fyrir dómi að mjög takmörkuðu leyti gert grein fyrir hvaða lánardrottnum hann greiddi og hefur hvorki lagt fram né vísað á greiðslugögn (kvittanir) máli sínu til stuðnings. Ríkissaksóknari hefur mælt svo fyrir að rannsókn skuli miða að því að upplýsa hvort og þá hvernig kærði hefur varið fyrrgreindum fjár-  
munum.

Brot það er kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafli alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir rétt að taka kröfu RLR til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Pétur Ingólfsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 23. apríl 1986 kl. 17:00.

Föstudagur 11. apríl 1986.

Nr. 127/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Inga Rafni Bæringssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.